

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 20. nóvember 2019 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-9/2019.

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 21. janúar 2019 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á notaðri bifreið af fyrirtækinu Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir bifreiðina gallaða og krefst þess að seljanda verði gert að greiða viðgerðarkostnað að fullu eða að hluta.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 22. janúar 2019, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Þann 1. apríl 2019 voru álitsbeiðni og viðbótargögn send til seljanda og honum að nýju gefinn kostur á að senda inn andsvör til nefndarinnar. Seljandi nýtti sér ekki þá heimild. Frekari athugasemdir bárust nefndinni ekki. Með bréfi, dags. 15. nóvember 2019, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi keypti bifreiðina XX-000 þann 6. júní 2018 af seljanda fyrir 1.220.000 krónur. Bifreiðin er af gerðinni Nissan Quashquai, árgerð 2012 og hafði verið ekin 159.000 km á kaupdegi. Álitsbeiðandi telur að bifreiðin hafi verið haldin galla við kaupin. Bifreiðin bilaði skömmu eftir kaupin og fór viðgerð fram á bifvélaverkstæði þann 29. júní 2018, aðeins 23 dögum eftir kaupin. Í reikningi vegna viðgerðarinnar kemur fram að skipt hafi verið um alternator og viftureim en álitsbeiðandi greiddi 106.876 krónur fyrir viðgerðina.

Fyrir kaupin fór álitsbeiðandi með bifreiðina í söluskoðun þar sem ýmsar athugasemdir voru gerðar. Þær athugasemdir voru eftirfarandi:

- „1 Ljós logar ekki á aðalljósum hægra megin
- 2 Aðalljósker vinstra megin, laus/skemmdur hlutur skróltir
- 3 Slit í viftureimum
- 4 Rúða skemmd að framan
- 5 Lakk rispað eða skemmt
- 6 Yfirbygging dælduð
- 7 Loftkæling, ófullnægjandi kæling
- 8 Innri hjólaskál báðum megin framan skemmd
- 9 Óeðlilegt hjólabíl framan
- 10 Jafnvægisstöng, slit í festingum báðum megin aftan, gúmmí
- 11 Hjólbarði skemmdur eða slitinn allur á köntum
- 12 Hemladiskur skemmdur eða slitinn báðum megin að framan, þarf ekki að skipta strax
- 13 Tengibúnaður ekki skráður (óúttekinn)“

Álitsbeiðandi telur sig hafa uppfyllt aðgæsluskyldu sína að fullu og segir bilun bifreiðarinnar hafa verið þess eðlis að hún hafi ekki mátt sjá hana fyrir kaupin þrátt fyrir ítarlega skoðun. Kostnaður vegna viðgerðarinnar nemur 8,76% af söluverði bifreiðarinnar.

Álitsbeiðandi telur að bifreiðin hafi verið haldin galla við kaupin samkvæmt a-lið 1. mgr. 17. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Þá tekur álitsbeiðandi fram að ekkert bendi til þess að hún hafi vitað eða mátt vita að bifreiðin væri haldin galla.

Álitsbeiðandi krefst þess að seljanda verði gert að greiða viðgerðarkostnað að fjárhæð 106.875 krónur. Til vara krefst álitsbeiðandi þess að seljanda verði gert að greiða hluta viðgerðarkostnaðarins, samkvæmt álitum kæruneftdarinnar.

IV

Niðurstaða kæruneftdarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið neftdarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina XX-000 þann 6. júní 2018 af seljanda fyrir 1.220.000 krónur. Bifreiðin er árgerð 2012 og var því sex ára og hafði verið ekin 159.000 km á kaupdegi. Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni, dags. 6. júní 2018, segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum. [...] Kaupandi er hvattur til að kynna sér verð á sambærilegum ökutækjum fyrir undirritun kaupsamnings!“

Kæruneftndin álitur að um kaupin gildi 16. og 17. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) en í 1. mgr. 17. gr. kemur fram að þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara teljist hann gallaður þegar:

„a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;

b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í b- og c- lið 16. gr. segir síðan að söluhlutur sé gallaður ef:

„b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin; c. hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin;“

Í 3. mgr. 16. gr. nkpl. kemur síðan fram að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Í framangreindum ákvæðum er annars vegar kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og aðgæsluskyldu kaupanda, auk þess sem í a- lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur ekki liggja fyrir í málinu að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um bifreiðina sem hann hafi þekkt til eða hlaut að þekkja til, sbr. b-liður 16. gr. nkpl. og verður því ekki litið svo á að galli hafi verið til staðar á þeim grundvelli. Þá telur nefndin ekki unnt að líta svo á að bifreiðin svari ekki til upplýsinga sem seljandi hafi gefið um hana samkvæmt c-lið 16. gr. nkpl. enda liggur ekki fyrir hvaða upplýsingar það gætu verið.

Stendur þá eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. nkpl. Álitsbeiðandi keypti bifreiðina fyrir 1.220.000 krónur þann 6. júní 2018. Aðeins 23 dögum eftir kaupin fór bifreiðin í viðgerð sem álitsbeiðandi greiddi 106.876 krónur fyrir. Í viðgerðinni var samkvæmt gögnum málsins skipt um s.k. alternator, eða rafal, og viftureim.

Bifreiðin var sex ára gömul og hafði verið ekið 159.000 km við kaupin. Mátti álitsbeiðandi þar af leiðandi gera ráð fyrir að þörf yrði á ýmsu viðhaldi eða viðgerðum eftir kaupin. Í söluskoðun á bifreiðinni, dags. 6. júní 2018, kom sérstaklega fram í lið 3. að slit væri í viftureimum. Var álitsbeiðanda því kunnugt fyrir kaupin að þörf gæti verið á viðgerð á viftureim. Getur kærunefndin þar af leiðandi ekki fallist á að seljanda beri að greiða viðgerðarkostnaðinn að fullu þar sem hluti reikningsins er vegna skipta á viftureim.

Í söluskoðun bifreiðarinnar var engin athugasemd gerð við rafal bifreiðarinnar en stuttu eftir kaupin varð að skipta um hann vegna bilunar. Af gögnum málsins verður ekki séð að álitsbeiðandi hafi vanrækt skoðunarskyldu sína eða að henni hafi mátt vera kunnugt um að bifreiðin væri haldin galla að því leyti.

Rafall hefur verið talinn til þeirra íhluta bifreiða sem slitna við notkun og getur ending hans farið eftir ýmsum þáttum. Eru umhverfisþættir og staðsetning rafalsins í vélarrými bifreiðar talin geta haft áhrif á endingu hans. Getur tíður akstur utan malbikaðra vega til að mynda hraðað sliti á rafalnum og einnig ef óhreinindi hafa haft greiðan aðgang að vélarrýminu. Við þær aðstæður geta óhreinindin komist inn í rafalinn og hraðað sliti á hreyfanlegum hlutum hans. Þá geta mistök við notkun startkapla, til dæmis með því að kaplarnir séu tengdir á rangan hátt þegar „start“ er gefið eða tekið við því, skaddað rafalinn.

Álitsbeiðandi keypti bifreiðina á 1.220.000 krónur en aðeins 23 dagar liðu frá kaupunum þar til búið var að skipta um rafalinn vegna bilunar. Kærunefndin telur með hliðsjón af framangreindu að rafalinn hafi verið slitinn áður en álitsbeiðandi festi kaup á bifreiðinni þann 6. júní 2018 sökum þess skamma tíma sem leið frá kaupunum. Álítur kærunefndin að bifreiðin hafi að því leyti verið haldin galla við kaupin, sbr. a-liður 1. mgr. 17. gr. nkpl.

Ákvæði 26. gr. nkpl. mælir fyrir um þau úrræði sem geta staðið neytanda til boða vegna galla á söluhlut, en þau eru að halda eftir greiðslu kaupverðs, úrbætur eða ný afhending, afsláttur, riftun og skaðabætur. Álitsbeiðandi hefur krafist greiðslu viðgerðarkostnaðar sem litið verður á sem kröfu um skaðabætur samkvæmt 33. gr. nkpl. Ákvæði 52. gr. laganna mælir fyrir um umfang skaðabóta. Meginreglan er sú að tap og útgjöld, sem neytandi verður fyrir vegna galla á söluhlut, skuli bætt að fullu. Með því á neytandi að verða eins settur og ef seljandi hefði réttilega efnt samninginn.

Líkt og að framan greinir telur kærunefndin að seljanda beri ekki að greiða þann hluta viðgerðarkostnaðarins sem varðar skipti á viftureim. Kærunefndin telur einnig að seljanda beri ekki að greiða að fullu þann kostnað sem álitsbeiðandi varð fyrir við skipti á rafalnum. Í því sambandi verður að líta til þess að um slithlut er að ræða sem eðlilegt er að skipta þurfi um í bifreiðum á þessum aldri og eftir svo mikinn akstur. Verður einnig að líta til þess að álitsbeiðandi fékk við viðgerðina nýjan varahlut sem mun með rétttri umhirðu endast í langan tíma.

Samkvæmt framlögðum reikningi var kostnaður við nýja viftureim 4.831 krónur án virðisaukaskatts auk vinnu sem ekki var sérstaklega tilgreind. Vinna við skipti um bæði rafal og viftureim var alls í 2,5 klukkustundir eða að fjárhæð 20.363 krónur án virðisaukaskatts.

Álítur kærufndin hæfilega áætlað að hálf klukkustund hafi farið í vinnu vegna viftureimarinnar. Heildarkostnaður vegna viftureimarinnar er því talinn með virðisaukaskatti alls 11.041 krónur.

Kostnaður við kaup á nýjum rafal var alls að fjárhæð 60.996 krónur án virðisaukaskatts auk tveggja klukkustunda vinnu sem álitsbeiðandi greiddi alls 95.835 krónur fyrir. Kærufndin telur að með hliðsjón af því að um slithlut er að ræða, aldri bifreiðarinnar og aksturs hennar skuli álitsbeiðandi hæfilega bera helming þess kostnaðar sjálf, eða alls 47.918 krónur. Samtals ber álitsbeiðanda sjálfri að greiða 58.959 krónur af viðgerðarkostnaðinum.

Seljanda ber samkvæmt framangreindu að greiða álitsbeiðanda skaðabætur að fjárhæð 47.916 krónur.

V

Álitsorð

Seljanda, Y, ber að greiða álitsbeiðanda, X, skaðabætur að fjárhæð 47.916 krónur.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson